Endurskoðun laga FHS.

Eitt af verkefnum stjórnar FHS á starfsárinu 2018-2019 var að yfirfara lög félagsins þar sem það þótti orðið nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög um lögmæti aðalfundar. Í núverandi lögum er kveðið á um að aðalfundur sé lögmætur sé til hans boðað á lögmætan hátt og hann sæki 10% félagsmanna eða umboðsmenn þeirra. Taldi stjórnin að það væri nægjanlegt að telja aðalfundinn lögmætan sé löglega til hans boðað. Það að það þurfi einnig 10% félagsmanna að sækja fundinn þykir of íþyngjandi þar sem ef það ákvæði er ekki uppfyllt þyrfti að afboða fundinn og boða hann upp á nýtt. Það hefði í för með sér óþægindi fyrir félagsmenn sem og aukið fjármagn og vinnu fyrir stjórn félagsins.

Þegar farið var í þessa endurskoðun var ákveðið að nýta tækifærið og yfirfara öll lögin með það að markmiði að uppfæra þau og gera skýrari.

Eftirfarandi lagabreytingar eru afrakstur þessarar vinnu og eru nú lagðar fyrir aðalfund félagsins þannig að félagsmenn geti tekið afstöðu til þeirra.

Tillögur að lagabreytingum frá stjórn Félags húseigenda á Spáni (FHS)

Núgildandi 3.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Tillaga stjórnar BREYTING

3.gr. Aðild

Félagsmenn geta þeir orðið sem eiga eða hyggjast eignast húsnæði á Spáni. Stjórnin skal halda skrá yfir félagsmenn.

Núgildandi 4.gr.

Félagsmenn geta þeir orðið sem eiga eða hyggjast eignast húsnæði á Spáni. Stjórnin skal halda skrá yfir félagsmenn.

Tillag stjórnar BREYTING

Ný 4.gr. um úrsögn úr félaginu

4.gr. Úrsögn

Ef félagsmaður greiðir ekki árlegt félagsgjald telst það úrsögn úr félaginu.

Núgildandi 5.gr.

A. Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. Formaður skal kosinn beinni kosningu til eins árs. Kjósa skal fjóra aðalmenn til setu í tvö ár og tvo til vara til eins árs. En að öðru leiti skiptir stjórnin með sér verkum. Framboð til stjórnarkjörs þarf að berast stjórninni eigi síðar en 7 sögum fyrir aðalfund.
B. Stjórn stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda og ræður að félagi starfskrafta eins og nauðsynlegt þykir og fjárhagsleg geta leyfir.
C. Stjórn félagsins er heimilt að setja reglur og ákveða sérstakt gjald í tengslum við inngöngu nýrra félaga eða endurinngöngu fyrrverandi félaga. Stjórn félagsins hefur einnig heimild til að innleiða gjald fyrir aukna aðild félagasamtaka.

Tillaga stjórnar BREYTING

5.gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. Formaður skal kosinn á aðalfundi til eins árs í senn. Kjósa skal fjóra aðalmenn til setu í tvö ár og tvo til vara til eins árs á aðalfundi félagsins.

Framboð til stjórnarkjörs þarf að berast stjórninni eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund eða á aðalfundi.

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Hún ræður starfskrafta að félaginu eins og nauðsynlegt þykir og fjárhagur leyfir.

Núgildandi 6.gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og skal boða til hans með minnst 10 daga fyrirvara. Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir og rædd í eftirfarandi röð:

Kosning fundarstjóra og fundarritara.
Skýrsla stjórnar.
Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins.
Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
Kosning formanns.
Kosning fjögurra manna í aðalstjórn.
Kosning tveggja manna í varastjórn.
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
Tekin ákvörðun um árgjald í félaginu.
Lagabreytingar.
Önnur mál.

Aðalfundur er lögmætur sé til hans boðað og hann sækja 10% félagsmanna eða umboðsmenn þeirra. Atkvæðis- og kosningarétt á aðalfundi hefur sá sem hefur gilt félagsskírteini og skuldar ekki árgjöld í félaginu. Í tilvikum þar sem félagasamtök eða nokkrir einstaklingar eiga saman húseign á Spáni og greitt er eitt árgjald, þá gildir eitt atkvæði fyrir hópinn. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála annarra en lagabreytinga.

Mæti aðili sem ekki er í félaginu til aðalfundar í umboði félagsmanns í þeim tilgangi að fara með atkvæðisrétt hans, skal aðilinn hafa skriflegt undirritað umboð félagsmannsins, vottað af tveimur fullgildum vottum. Hann skal framvísa umboðinu við fundarstjóra áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Tillaga stjórnar BREYTING

Ný 6.gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og skal boða hann með minnst tíu daga fyrirvara.

Fundarboði skal fylgja dagskrá og tillögur til lagabreytinga hafi þær borist stjórn fyrir tilsettan tíma.

Stjórn félagsins skipuleggur og ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd aðalfundar.

Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hefur sá félagsmaður sem hefur gilt félagsskýrteini.

Mæti aðili sem ekki er í félaginu til aðalfundar í umboði félagsmanns í þeim tilgangi að fara með atkvæðisrétt hans skal viðkomandi aðili hafa skriflegt umboð frá félagsmanni með undirskrift hans og vottað af tveimur fullgildum vottum. Skal umboðinu framvísað til fundarstjóra áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála annarra en lagabreytinga.

Lagabreytingar fara aðeins fram á aðalfundi og skulu tillögur um lagabreytingar berast stjórn a.m.k. 30 dögum fyrir aðalfund. Lagabreytingar þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða til að öðlast gildi.

Mál sem taka skal fyrir á aðalfundi eru:

I. Kosning fundarstjóra og fundarritara eftir tilnefningu stjórnar.
II. Skýrsla stjórnar.
III. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
IV. Ákvörðun um félagsgjald.
V. Tillögur til lagabreytinga.
VI. Kosning formanns.
VII. Kosning tveggja manna í aðalstjórn og eins varamanns í stjórn.
VIII. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
IX. Önnur mál.

Fundarritari skal skrá fundargerð um það sem fjallað var um á aðalfundinum. Bóka skal sérstaklega allar samþykktir og ákvarðanir fundarins. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina. Hún skal síðan birt á vef félagsins og veittur tveggja vikna frestur til athugasemda. Að þeim tíma telst fundargerðin samþykkt.

Núgildandi 7.gr

Lagabreytingar fara aðeins fram á aðalfundi og skulu tillögur berast stjórn 7 dögum fyrir aðalfund. Lagabreytingar þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða til að öðlast gildi.

Tillaga stjórnar BREYTING

7.gr. Félagsfundur

Félagsfund skal boða svo oft er þurfa þykir. Um boðun, lögmæti og atkvæðisrétt gilda sömu reglur og um aðalfund.

Núgildandi 8.gr.

Aukafund skal boða svo oft er þurfa þykir. Um boðun, lögmæti og atkvæðisrétt gilda sömu reglur og um aðalfund.

Tillaga stjórnar BREYTING

8.gr. Reikningar og endurskoðun

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum sem kosnir eru úr röðum félagsmanna á aðalfundi til eins árs í senn.

Tillaga stjórnar. VIÐBÓT

10.gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi á aðalfundi félagsins 16. febrúar 2019.